# Orkuveita Húsavíkur ohf.

Ársreikningur

# 2016

Orkuveita Húsavíkur ohf.
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík
kt. 641195-2359

# Orkuveita Húsavíkur ohf.

## Ársreikningur

# 2016

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 2-3 |
| Skýrsla stjórnar | 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8-18 |

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar og hluthafa í Orkuveitu Húsavíkur ohf.**

**Álit**
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orkuveitu Húsavíkur ohf. fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Grundvöllur fyrir áliti**
Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Orkuveitu Húsavíkur ohf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum**
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Orkuveitu Húsavíkur ohf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins**
Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

• Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

• Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

• Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Húsavík, 2. maí 2017

**Deloitte ehf.**

Hólmgrímur Bjarnason
Hólmgrímur Bjarnason
endurskoðandi

Ragnar Jóhann Jónsson
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

**Meginstarfssemi félagsins**
Í samþykktum Orkuveitu Húsavíkur ohf. kemur fram að tilgangur félagsins sé orkurannsóknir, vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns og hvers konar annarra auðlinda, dreifing og sala afurða fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfssemi sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfssemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Félaginu er heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

**Starfsemin á árinu 2016**
Orkuveita Húsavíkur ohf. starfar skv. reglugerð nr. 1227/2012 sem endurspeglar rekstrarform og kjarnastarfsemi fyrirtækisins. Kjarnastarfsemi Orkuveitu Húsavíkur ohf. er vinnsla og dreifing heits og kalts vatns auk fráveitu.

Umtalsverðar framkvæmdir voru á vegum Orkuveitu Húsavíkur á árinu sem tengdust bæði uppbyggingu iðnaðarsvæðis á Bakka, en einnig vegna annara nýframkvæmda á svæðinu.
Framkvæmdum við slökkviveitu að iðnaðarlóð á Bakka lauk á árinu, en þó með þeim fyrirvara að mögulega þarf að virkja fleiri lindir fyrir veituna ef vatnsmagn verður ekki nægjanlegt til þess að uppfylla kröfur þar að lútandi. Rennslismælingar því til staðfestingar hafa staðið yfir í allan vetur og verður þeim framhaldið þar til staðfest hefur verið hver sveiflan er m.t.t. árferðis og árstíma.
Fráveitumál á Bakka eru komin í það horf sem stefnt var að við fyrsta hluta framkvæmda þar ásamt því að fráveituframkvæmdum á suðurfyllingu og í Víðimóum er nú lokið.
Töluvert var um viðhaldsframkvæmdir við stofnlögn frá Hveravöllum að Húsavík, en þær sneru að mestu að viðgerðum við samsetningar lagnarinnar og einangrun utan um þær.
Hitaveita var lögð til Saltvíkur og tengdi hún bæði íbúðarhús, hesthús og reiðhöllina við hitaveitu bæjarins.

Á árinu 2015 gerði stjórn Orkuveitu Húsavíkur ohf. og Norðurþing með sér samkomulag um rekstur veitunnar. Veitustjóri er framkvæmdafulltrúi sveitarfélagsins og sér hann um daglegan rekstur veitna. Þeir starfsmenn Orkuveitunnar sem sjá um viðhald og framkvæmdir eru nú starfsmenn þjónustumiðstöðvar Norðurþings. Bókhald, innheimta og uppgjör er nú á hendi fjármálasviðs Norðurþings.

Ársreikningur Orkuveitu Húsavíkur ohf. fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Hagnaður Orkuveitu Húsavíkur ohf. á árinu 2016 nam kr. 205.782.147. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 2.607.617.589, bókfært eigið fé í árslok er kr. 1.835.308.222 og er eiginfjárhlutfall félagsins 70%.

Félagið er 100% í eigu sveitarfélagsins Norðurþings.

Stjórn Orkuveitunnar samþykkti að leggja til við aðalfund að greiddur verði arður kr. 100.000.000 til eiganda samkvæmt fjárhagsáætlun.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Orkuveitu Húsavíkur ohf. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Orkuveitu Húsavíkur ohf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Húsavík, 2. maí 2017

**Í stjórn:**

Erna Björnsdóttir
Jónas Einarsson
Guðmundur H Halldórsson

**Framkvæmdastjóri:**

G. Hrafn.

# Rekstrarreikningur ársins 2016

| | Skýr. | 2016 | 2015 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 3 | 350.802.219 | 321.779.877 |
| Aðrar tekjur | | 29.484.988 | 19.296.495 |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 4 | (12.327.580) | (53.100.200) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (170.984.437) | (115.425.951) |
| Afskriftir fastafjármuna | 7 | (96.695.471) | (81.684.757) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 100.279.719 | 90.865.464 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 5 | 143.393.781 | 96.905.995 |
| **Hagnaður fyrir skatta** | | 243.673.500 | 187.771.459 |
| Tekjuskattur | 6 | (37.891.353) | (23.269.802) |
| **Hagnaður ársins** | | 205.782.147 | 164.501.657 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2016

| Eignir | Skýr. | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 7 | 1.401.341.076 | 1.409.030.325 |
| Eignarhlutir í dótturfélögum | 8 | 38.073.302 | 34.149.504 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 8 | 14.243.240 | 12.320.237 |
| Tekjuskattsinneign | 15 | 60.977.847 | 77.125.266 |
| | | 1.514.635.465 | 1.532.625.332 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur | 10 | 36.162.921 | 27.671.726 |
| Markaðsverðbréf | 11 | 830.951.462 | 0 |
| Kröfur á tengd félög | 18 | 90.949.715 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | 10 | 3.462.990 | 2.221.283 |
| Handbært fé | 10 | 131.455.036 | 1.031.002.826 |
| | | 1.092.982.124 | 1.060.895.835 |
| **Eignir** | | 2.607.617.589 | 2.593.521.167 |

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 12 | | |
| Hlutafé | | 10.000.000 | 10.000.000 |
| Lögbundinn varasjóður | | 2.500.000 | 2.500.000 |
| Eiginfjárreikningur | | 1.822.808.222 | 1.697.026.075 |
| Eigið fé | | 1.835.308.222 | 1.709.526.075 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 13 | 620.967.224 | 730.703.268 |
| Lífeyrisskuldbinding | 14 | 92.121.375 | 87.064.256 |
| | | 713.088.599 | 817.767.524 |
| **Skammtímaskuldir** | 16 | | |
| Viðskiptaskuldir | | 25.154.800 | 15.596.384 |
| Næsta árs afborgun lífeyrisskuldbindingar | | 7.701.741 | 7.707.000 |
| Næsta árs afborgun langtímaskulda | | 1.343.578 | 1.298.343 |
| Skuldir við tengd félög | | 0 | 26.488.669 |
| Ógreiddir reiknaðir skattar | 6 | 21.743.934 | 12.569.368 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 3.276.715 | 2.567.804 |
| | | 59.220.768 | 66.227.568 |
| Skuldir | | 772.309.367 | 883.995.092 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 2.607.617.589 | 2.593.521.167 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2016

| | Skýr. | 2016 | 2015 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Hagnaður ársins | | 205.782.147 | 164.501.657 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | | 96.695.471 | 81.684.757 |
| Aðrir liðir | 17 | (113.351.583) | (72.836.926) |
| **Hreint veltufé frá rekstri samtals** | | 189.126.035 | 173.349.488 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun | | (9.732.902) | 624.739 |
| (Lækkun) hækkun rekstrartengdra skulda: | | | |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun, (lækkun) | | 19.441.893 | (4.129.814) |
| Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar | | (7.275.720) | (7.555.190) |
| **Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum samtals** | | 2.433.271 | (11.060.265) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 191.559.306 | 162.289.223 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir | 7 | (89.006.222) | (233.045.331) |
| Keypt/seld markaðsverðbréf | | (800.000.000) | 0 |
| Afborganir skuldabréfa | | 0 | 876.414.497 |
| Keypt/seld eignarhlutar í öðrum félögum | | 0 | (5.812.500) |
| Keyptir/seldir eignarhlutar í dóttur-/hlutdeildarfélögum | | (3.502.984) | 0 |
| (Hækkun)/lækkun á kröfum á tengd félög | | (90.949.715) | 1.258.936 |
| | | (983.458.921) | 638.815.602 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Greiddur arður | 12 | (80.000.000) | 0 |
| Afborganir langtímaskulda | | (1.159.506) | (1.072.918) |
| Hækkun/(lækkun) á skuldum við tengd félög | | (26.488.669) | 26.488.669 |
| | | (107.648.175) | 25.415.751 |
| (Lækkun), hækkun handbærs fjár | | (899.547.790) | 826.520.576 |
| Handbært fé í upphafi árs | | 1.031.002.826 | 204.482.250 |
| Handbært fé í lok árs | | 131.455.036 | 1.031.002.826 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Orkuveita Húsavíkur ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Orkuveita Húsavíkur ohf. vinnur og framleiðir varma og kalt vatn ásamt dreifingu og sölu á hvoru tveggja. Að auki sér félagið um uppbyggingu og rekstur fráveitukerfa ásamt hverri þeirri starfssemi annari sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins svo sem iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Orkuveitu Húsavíkur ohf. fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélagsins. Eignarhlutar í dótturfélögum er færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

| | Meðalgengi ársins | | Árslokagengi | |
|---|---|---|---|---|
| | 2016 | 2015 | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
| Evra (EUR) | 130,59 | 148,21 | 119,46 | 141,71 |
| Bandaríkjadalur (USD) | 121,50 | 128,55 | 113,09 | 129,90 |

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

### Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færist matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## 3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur félagsins greinast þannig eftir starfsþáttum:

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| Hitaveita | 205.254.792 | 186.425.369 |
| Vatnsveita | 79.056.138 | 70.507.203 |
| Fráveita | 66.491.289 | 64.847.305 |
| | 350.802.219 | 321.779.877 |

## 4. Laun og annar starfsmannakostnaður

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| Laun | 0 | 35.583.988 |
| Launatengd gjöld | 0 | 7.325.070 |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | 12.327.580 | 10.191.142 |
| | 12.327.580 | 53.100.200 |
| Stöðugildi að meðaltali | 0,0 | 5,9 |

Frá og með september 2015 var öllum starfsmönnum félagsins sagt upp og þeir ráðnir til starfa hjá sveitarfélaginu Norðurþing, sem tók yfir alla umsýslu, viðhaldvinnu og rekstarumsjón þess. Tilgangur þessara breytinga er að ná fram hagræðingu með því að auka framlegð starfsmanna sveitarfélagsins og fyrirtækja þess.

## 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 17.442.108 | 30.644.634 |
| Verðbætur af skuldabréfaeign | 30.951.462 | 17.412.091 |
| Vaxtagjöld | (4.077.640) | (4.763.854) |
| Gengismunur | 96.734.034 | 50.871.120 |
| Afkoma eignarhluta í öðrum félögum | 2.343.817 | 2.742.004 |
| | 143.393.781 | 96.905.995 |

## 6. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi kr. 37.891.353. Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2017 nemur kr. 21.743.934.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

| | 2016 | | 2015 | |
|---|---|---|---|---|
| | Fjárhæð | % | Fjárhæð | % |
| Hagnaður fyrir skatta | 243.673.500 | | 187.771.459 | |
| Skatthlutfall | 48.734.700 | 20,0% | 37.554.292 | 20,0% |
| Hlutdeild í afkomu undanþeginni tekjuskatti | (10.377.864) | -4,3% | (13.739.649) | -7,3% |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags | (468.763) | -0,2% | (548.401) | -0,3% |
| Aðrir liðir | 3.280 | 0,0% | 3.560 | 0,0% |
| Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi | 37.891.353 | 15,6% | 23.269.802 | 12,4% |

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Veitu-mannvirki | Fasteignir | Vélar, tæki og búnaður | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 2.679.930.617 | 213.883.301 | 29.051.127 | 2.922.865.045 |
| Eignfært á árinu | 84.858.709 | 0 | 4.147.513 | 89.006.222 |
| Staða í árslok | 2.764.789.326 | 213.883.301 | 33.198.640 | 3.011.871.267 |
| **Afskriftir** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 1.400.046.432 | 94.822.109 | 18.966.179 | 1.513.834.720 |
| Afskrift ársins | 89.163.321 | 5.872.402 | 1.659.748 | 96.695.471 |
| Staða í árslok | 1.489.209.753 | 100.694.511 | 20.625.927 | 1.610.530.191 |
| **Bókfært verð** | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 1.279.884.185 | 119.061.192 | 10.084.948 | 1.409.030.325 |
| Bókfært verð í árslok | 1.275.579.573 | 113.188.790 | 12.572.713 | 1.401.341.076 |
| Afskriftarhlutföll | 1-10% | 4-10% | 4-15% | |

Fjárfestingar ársins samkvæmt framanskráðu, samtals að fjárhæð um 90 millj. kr. eru aðallega vegna uppbyggingar á iðnaðarsvæðinu á Bakka. Samkvæmt samningi milli Orkuveitu Húsavíkur ohf. og PCC, sem er framkvæmdaaðili svæðisins, mun PCC taka þátt í þessum framkvæmdakostnaði. Uppgjör þeirrar þátttöku fer fram á árinu 2017.

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

| | Fasteignamat | Vátrygginga-mat |
|---|---|---|
| Fasteignir og lóðir | 125.262.000 | 373.070.000 |
| Vélar og tæki, eignatryggingar | | 338.512.600 |
| Viðlagatrygging | | 5.358.841.000 |

## 8. Eignarhlutar í dótturfélögum og öðrum félögum

| | Hlutdeild | Nafnverð | Megin starfsemi |
|---|---|---|---|
| **Eignarhlutar í dótturfélögum:** | | | |
| Hitaveita Öxafjarðarhéraðs hf. | 50,77% | 33.000.500 | Hitaveita |
| **Eignarhlutar í öðrum félögum** | | | |
| Hrafnbjargarvirkjun hf. | 48,75% | 14.137.500 | Uppbygging raforkuvera |
| Íslensk orka ehf. | 30,30% | 1.759.949 | Orkuöflun og nýting orku |
| Sjóböð ehf. | 13,78% | 132.473 | Bygging og rekstur sjóbaða |
| Nýsköpun ehf. | 5,00% | 500.000 | Nýsköpun og atvinnuþróun |

**Eignarhlutar í dótturfélögum:**

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 34.149.504 | 30.670.627 |
| Hlutdeild í afkomu | 3.923.798 | 3.478.877 |
| Staða í árslok | 38.073.302 | 34.149.504 |

Sundurliðun á hlutdeild í afkomu og eigin fé greinist þannig:

| | Afkoma | | Eigið fé | |
|---|---|---|---|---|
| | 2016 | 2015 | 2016 | 2015 |
| **Eignarhlutar í dótturfélögum:** | | | | |
| Hitaveita Öxafjarðarhéraðs hf. | 3.923.798 | 3.478.877 | 38.073.302 | 34.149.504 |
| | 3.923.798 | 3.478.877 | 38.073.302 | 34.149.504 |
| **Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum:** | | | | |
| Hrafnbjargarvirkjun hf. | (828.698) | (641.302) | 11.774.719 | 10.653.417 |
| Íslensk orka ehf. | (751.283) | (95.571) | 912.971 | 111.270 |
| | (1.579.981) | (736.874) | 12.687.690 | 10.764.687 |
| Samtals dóttur- og hlutdeildarfélög | 2.343.817 | 2.742.003 | 50.760.991 | 44.914.191 |

## 9. Aðrar langtímakröfur

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 0 | 833.957.938 |
| Innborganir á árinu | 0 | (876.414.497) |
| Verðbreytingar; vextir og verðbætur | 0 | 42.456.559 |
| | 0 | 0 |

## 10. Aðrar peningalegar eignir

**Viðskiptakröfur**

| | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptakröfur | 42.662.921 | 33.471.726 |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | (6.500.000) | (5.800.000) |
| | 36.162.921 | 27.671.726 |

## 10. Aðrar peningalegar eignir

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

| | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | (5.800.000) | (4.600.000) |
| Gjaldfært á árinu | (700.000) | (1.200.000) |
| Staða í árslok | (6.500.000) | (5.800.000) |

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

**Aðrar skammtímakröfur**

| | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 0 | 1.122.251 |
| Fjármagnstekjuskattur | 3.462.990 | 1.099.032 |
| | 3.462.990 | 2.221.283 |

**Handbært fé**

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

| | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|
| Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum | 47.232.303 | 935.127.202 |
| Óbundnar bankainnstæður í erlendri mynt | 84.222.733 | 95.875.624 |
| | 131.455.036 | 1.031.002.826 |

## 11. Markaðsverðbréf

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 0 | 0 |
| Keypt á árinu | 800.000.000 | 0 |
| Verðbreytingar | 30.951.462 | 0 |
| Staða í árslok | 830.951.462 | 0 |

## 12. Eigið fé

Hlutafé greinist þannig:

| | Hlutir | Hlutfall | Fjárhæð |
|---|---|---|---|
| Heildarhlutafé í árslok | 10.000.000 | 100,0% | 10.000.000 |
| | 10.000.000 | 100,0% | 10.000.000 |

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 10.000.000 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

## 12. Eigið fé (framhald)

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2015 | 604.247.000 | 96.132.819 | 1.491.898.431 | 2.192.278.250 |
| Lækkun hlutafjár | (594.247.000) | (93.632.819) | 40.625.987 | (647.253.832) |
| Hagnaður ársins | | | 164.501.657 | 164.501.657 |
| Eigið fé 1.1.2016 | 10.000.000 | 2.500.000 | 1.697.026.075 | 1.709.526.075 |
| Greiddur arður | | | (80.000.000) | (80.000.000) |
| Hagnaður ársins | | | 205.782.147 | 205.782.147 |
| Eigið fé 31.12.2016 | 10.000.000 | 2.500.000 | 1.822.808.222 | 1.835.308.222 |

## 13. Langtímaskuldir

| | Skuldir við lánastofnanir 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|
| Skuldir í EUR | 477.840.000 | 566.840.000 |
| Skuldir í USD | 133.050.385 | 152.827.350 |
| Skuldir í ISK | 11.420.417 | 12.334.261 |
| | 622.310.802 | 732.001.611 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (1.343.578) | (1.298.343) |
| Langtímaskuldir í árslok | 620.967.224 | 730.703.268 |

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

| | Skuldir við lánastofnanir |
|---|---|
| Næsta árs afborganir | 1.343.578 |
| Afborganir 2018 | 1.343.578 |
| Afborganir 2019 | 1.343.578 |
| Afborganir 2020 | 1.343.578 |
| Afborganir 2021 | 612.233.963 |
| Afborganir síðar | 1.343.578 |
| | 4.702.527 |
| | 622.310.802 |

Vegnir meðalvextir eru eftirfarandi:

| | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 0,61% | 0,66% |

## 14. Lífeyrisskuldbinding

Á félaginu hvílir skuldbinding vegna eftirlaunasamninga við starfsmenn félagsins. Samkvæmt tryggingafræðilegu mati nemur skuldbindingin 99,8 milljón króna og miðast útreikningurinn við 2% ávöxtun umfram hækkanir á verðlagi. Hækkun skuldbindingarinnar á árinu, 12,3 milljónir króna, er færð til gjalda í rekstrarreikningi meðal launa og tengdra gjalda. Sá hluti skuldbindingarinnar sem kemur til greiðslu á næsta ári nemur 7,7 milljónum króna og er færður meðal annarra skammtímaskulda.

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 94.771.256 | 92.135.304 |
| Greiddar lífeyrisskulbindingar á árinu | (7.275.720) | (7.555.190) |
| Reiknuð hækkun (lækkun) lífeyrisskuldbindingar á árinu | 12.327.580 | 10.191.142 |
| Staða í árslok | 99.823.116 | 94.771.256 |
| | | |
| Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar | 7.701.741 | 7.707.000 |
| Langtímahluti lífeyrisskuldbindingar | 92.121.375 | 87.064.256 |
| Staða í árslok | 99.823.116 | 94.771.256 |

Greiðslur vegna lífeyirsskuldbindinga í árslok greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Til greiðslu 2017 - 2021 | 38.508.704 |
| Til greiðslu 2022 - 2026 | 34.611.982 |
| Til greiðslu 2027 - 2031 | 26.702.429 |
| Til greiðslu 2032 og síðar | 0 |
| | 99.823.116 |

## 15. Tekjuskattsinneign/(-skuldbinding)

| | Inneign/ (skuldbinding) |
|---|---|
| Staða 1.1.2015 | 87.825.700 |
| Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2015 | (23.269.802) |
| Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2016 | 12.569.368 |
| Staða 1.1.2016 | 77.125.266 |
| Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2016 | (37.891.353) |
| Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2017 | 21.743.934 |
| Staða 31.12.2016 | 60.977.847 |

Tekjuskattsinneign/(-skuldbinding) greinast þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

| | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 56.429.132 | 64.902.035 |
| Lífeyrisskuldbinding | 19.964.623 | 18.954.251 |
| Viðskiptakröfur | 873.371 | 825.283 |
| Aðrir liðir | (16.289.279) | (7.556.303) |
| | 60.977.847 | 77.125.266 |

## 16. Aðrar peningalegar skuldir

**Viðskiptaskuldir**

| | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptaskuldir | 25.154.800 | 15.596.384 |
| | 25.154.800 | 15.596.384 |

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 1.788.519 | 592.358 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 0 | 1.142.391 |
| Ógreiddir áfallnir vextir | 674.012 | 804.505 |
| Ógreiddur Kostnaður | 701.197 | 0 |
| Aðrar skuldir | 112.987 | 28.550 |
| | 3.276.715 | 2.567.804 |

## 16. Aðrar peningalegar skuldir

**Næsta árs afborganir langtímaskulda**

| | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 1.343.578 | 1.298.343 |
| Lífeyrisskuldbinding | 7.701.741 | 7.707.000 |
| | 9.045.319 | 9.005.343 |

## 17. Hreyfingar án greiðsluáhrifa

Hlutafjárlækkun félagsins á árinu 2015, að fjárhæð kr. 647.253.832, var greidd hluthafa þess með jöfnun á móti langtímakröfu félagsins á hendur honum. Hlutafjárlækkunin hefði ekki áhrif á handbært fé og er því ekki sýnd í sjóðstreymi.

Aðrir liðir, samkvæmt sjóðstreymi, sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi greinast þannig.

| | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|
| Verðbætur og gengismunur af langtímaskuldum | (108.531.303) | (48.529.939) |
| Verðbætur og áfallnir vextir af langtímakröfum | 0 | (42.456.559) |
| (Hækkun)/lækkun á markaðsverðbréfum | (30.951.462) | 0 |
| Afkoma eignarhluta í öðrum félögum | (2.343.817) | (2.742.004) |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | 12.327.580 | 10.191.142 |
| Breyting á tekjuskattsinneign | 16.147.419 | 10.700.434 |
| | (113.351.583) | (72.836.926) |

## 18. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

| Viðskipti við tengd félög árið 2016: | Keypt þjónusta og vörur | Seld þjónusta og vörur | Kröfur | Skuldir |
|---|---|---|---|---|
| Norðurþing, móðurfélag | 88.666.317 | 12.994.600 | 90.949.715 | |
| | 88.666.317 | 12.994.600 | 90.949.715 | 0 |

| Viðskipti við tengd félög árið 2015: | Keypt þjónusta og vörur | Seld þjónusta og vörur | Kröfur | Skuldir |
|---|---|---|---|---|
| Norðurþing, móðurfélag | 30.962.927 | 14.990.176 | 0 | 26.488.669 |
| | 30.962.927 | 14.990.176 | 0 | 26.488.669 |

## 19. Atburðir eftir lok reikningsskiladags og önnur mál

Í mars 2017 samþykkti stjórn Orkuveitu Húsavíkur ohf. að gera upp og greiða að fullu gengistryggða langtímaskuld félagsins við Lánasjóð sveitarfélaga. Langtímaskuld þessi var í árslok 2016 samtals að fjárhæð 611,3 millj. kr. og átti að greiðast í einu lagi á árinu 2020.

Hinn 13. mars 2014 þingfesti Garðræktarfélag Reykhverfinga hf. stefnu á hendur Orkuveitu Húsavíkur ohf. vegna ágreinings um túlkun á afnotasamningi Orkuveitu Húsavíkur ohf. á heitu vatni í landi Garðræktarfélags Reykhverfinga hf. Orkuveita Húsavíkur ohf. gagnstefndi Garðræktarfélagi Reykhverfinga hf. í málinu og krafðist þess að gildandi samningi aðila um afnotarétt af heitu vatni í landi Garðræktarfélags Reykhverfinga hf. yrði breytt að því er varðar greiðslur Orkuveitu Húsavíkur ohf. fyrir afnotaréttinn. Ýtrasta krafa Garðræktarfélags Reykhverfinga hf. var að fjárhæð 20,2 millj. kr. auk dráttarvaxta. Hinn 7. júlí 2016 var í Héraðsdómi Norðurlands eystra kveðinn upp dómur í málinu þar sem báðir aðilar voru sýknaðir af kröfu hins. Hinn 19. september 2016 samþykkti svo stjórn Orkuveitu Húsavíkur ofh. að áfrýja málinu til hæstaréttar.

## 20. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi 2017.

## 21. Kennitölur

| **Úr rekstrarreikningi:** | 2016 | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|
| **Arðsemi** | | | |
| Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) | 196.975.190 | 172.550.221 | 161.708.797 |
| a) Framlegðarhlutfall rekstrar | 0,56 | 0,54 | 0,53 |
| b) Hagnaðarhlutfall | 0,59 | 0,51 | 0,34 |
| c) Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutafjár (EPS) | 20,58 | 16,45 | 0,17 |
| d) Arðsemi eigin fjár | 0,12 | 0,08 | 0,05 |

a) EBITDA/rekstrartekjur
b) Hagnaður ársins/rekstrartekjur
c) Hagnaður/nafnverð hlutafjár
d) Hagnaður/meðalstaða eigin fjár

## 21. Kennitölur (framhald)

| Úr efnahagsreikningi: | 31.12.2016 | 31.12.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|---|
| **Nýting fjármagns** | | | |
| f) Veltuhraði eigna | 0,13 | 0,11 | 0,10 |
| h) Veltuhraði viðskiptakrafna | 10,99 | 11,68 | 10,97 |

f) Rekstrartekjur/meðalstaða heildareigna
h) Rekstrartekjur/meðalstaða viðskiptakrafna

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Greiðsluhæfi** | | | |
| j) Veltufjárhlutfall | 18,46 | 16,02 | 4,85 |

j) Veltufjármunir/skammtímaskuldir

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Fjárhagslegur styrkur** | | | |
| k) Eiginfjárhlutfall | 0,70 | 0,66 | 0,71 |
| l) Innra virði hlutafjár | 183,53 | 170,95 | 3,63 |

k) Eigið fé/heildarfjármagn
l) Eigið fé/hlutafé

| Úr sjóðstreymi ársins: | 2016 | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|
| m) Skuldaþekja handbærs fjár | 0,25 | 0,18 | 0,21 |
| o) Gæði afkomu | 0,93 | 0,99 | 1,79 |
| p) Gæði rekstrarhagnaðar | 1,93 | 1,66 | 2,47 |

m) Handbært fé frá rekstri/skuldir
o) Handbært fé frá rekstri/hagnaður
p) Handbært fé frá rekstri án vaxta/rekstrarhagnaður

| Rekstrargjöld sem hlutfall af rekstrartekjum | 2016 | 2015 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Laun og tengd gjöld/rekstrartekjur | 3,51% | 16,50% | -12,99% |
| Annar rekstrarkostnaður/rekstrartekjur | 48,74% | 35,87% | 12,87% |
| Afskriftir/rekstrartekjur | 27,56% | 25,39% | 2,18% |
| **Rekstrargjöld/rekstrartekjur** | 79,82% | 77,76% | 2,06% |

## 22. Sjóðstreymisyfirlit

| | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 | 2012 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hagnaður (tap) ársins | 205.782.147 | 164.501.657 | 104.763.531 | 178.039.751 | 87.707.695 |
| Afskriftir | 96.695.471 | 81.684.757 | 81.992.368 | 107.443.419 | 82.433.676 |
| Reiknaðir fjármagnsliðir | (129.499.002) | (83.537.360) | (19.819.439) | (126.144.183) | 26.330.047 |
| Aðrar breytingar | 16.147.419 | 10.700.434 | 11.890.053 | 28.186.510 | (8.139.534) |
| **Hreint veltufé frá rekstri** | 189.126.035 | 173.349.488 | 178.826.513 | 187.525.497 | 188.331.884 |
| Breyting á: | | | | | |
| Rekstrartengdum eignum | (9.732.902) | 624.739 | 3.462.446 | (1.411.337) | (10.529.147) |
| Rekstrartengdum skuldum | 12.166.173 | (11.685.004) | 5.504.814 | (19.682.224) | 10.440.998 |
| **Handbært fé frá rekstri** | 191.559.306 | 162.289.223 | 187.793.773 | 166.431.936 | 188.243.735 |

# Sundurliðanir

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | |
| Orkusala | 284.310.930 | 256.932.572 |
| Fráveita | 66.491.289 | 64.847.305 |
| | 350.802.219 | 321.779.877 |

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| **Aðrar tekjur** | | |
| Leigutekjur | 4.783.970 | 2.432.264 |
| Aðrar tekjur | 24.701.018 | 16.864.231 |
| | 29.484.988 | 19.296.495 |

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| **Laun og annar starfsmannakostnaður** | | |
| Vinnulaun | 0 | 35.583.988 |
| Launatengd gjöld | 0 | 7.325.070 |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | 12.327.580 | 10.191.142 |
| | 12.327.580 | 53.100.200 |

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| **Annar rekstrarkostnaður** | | |
| Rafmagn og hiti | 28.039.572 | 29.453.755 |
| Vinna starfsmanna - sala deilda | (38.891) | (5.645.406) |
| Vátryggingar | 2.619.195 | 2.418.679 |
| Fasteignagjöld | 3.108.747 | 2.971.808 |
| Annar húsnæðiskostnaður | 49.056 | 173.601 |
| Aðkeyptur akstur | 239.786 | 601.467 |
| Rekstur bifreiða | 634.887 | 1.051.606 |
| Rekstrarleiga bifreiða | 3.831 | 44.335 |
| Smááhöld | 2.218.580 | 2.490.093 |
| Viðhald áhalda og tækja | 20.188.242 | 8.055.780 |
| Auglýsingar | 1.065.819 | 1.059.414 |
| Ferðakostnaður | 231.063 | 832.437 |
| Áhöld og tæki | 3.398.076 | 2.610.324 |
| Opinber gjöld, félagsgjöld og eftirlitsgjöld | 799.446 | 695.839 |
| Funda- og viðskiptakostnaður | 0 | 80.000 |
| Afskrifaðar og niðurfærðar kröfur | 557.504 | 1.200.000 |
| Annar starfsmannakostnaður | 184.189 | 488.592 |
| Skrifstofukostnaður | 68.039.389 | 32.569.203 |
| Verktakar | 38.441.506 | 22.864.135 |
| Sérfræðiþjónusta | 1.204.440 | 11.270.389 |
| Ýmis kostnaður | 0 | 139.900 |
| | 170.984.437 | 115.425.951 |